Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er til komin vegna námslána stefnda, en hann fékk greidd út námslán hjá stefnanda á árunum 1989-1992. Í samræmi við lög nr. 72/1982, er giltu er lánið var tekið, gaf stefndi út skuldabréf við hverja útborgun námslána.

Alls gaf stefndi út 14 skuldabréf til stefnanda, en þau voru upphaflega öll með sjálfskuldarábyrgð Sigríðar Lúthersdóttur; en henni er ekki stefnt í þessu máli. Um er að ræða eftirtalin skuldabréf:

Nr. T-119143 upphaflega að fjárhæð **446.894** kr., útgefið þann **06.01.1989**, með grunnvísitölu **L-2317**.

Nr. T-125265 upphaflega að fjárhæð **193.923** kr., útgefið þann **12.04.1989**, með grunnvísitölu **L-2433**.

Nr. T-132652 upphaflega að fjárhæð **239.840** kr., útgefið þann **22.09.1989**, með grunnvísitölu **L-2640**.

Nr. T-136819 upphaflega að fjárhæð **162.604** kr., útgefið þann **04.12.1989**, með grunnvísitölu **L-2771**.

Nr. T-139252 upphaflega að fjárhæð **293.891** kr., útgefið þann **04.01.1990**, með grunnvísitölu **L-2806**.

Nr. T-144400 upphaflega að fjárhæð **151.696** kr., útgefið þann **02.04.1990**, með grunnvísitölu **L-2873**.

- Nr. T-157496 upphaflega að fjárhæð 232.297 kr., útgefið þann 29.08.1990, með grunnvísitölu L-2934.
- Nr. T-170736 upphaflega að fjárhæð 141.700 kr., útgefið þann 27.11.1990, með grunnvísitölu L-2969.
- Nr. T-173079 upphaflega að fjárhæð 280.539 kr., útgefið þann 18.12.1990, með grunnvísitölu L-3003.
- Nr. T-184471 upphaflega að fjárhæð 197.944 kr., útgefið þann 22.03.1991, með grunnvísitölu L-3070.
- Nr. T-205795 upphaflega að fjárhæð 231.651 kr., útgefið þann 19.09.1991, með grunnvísitölu L-3194.
- Nr. T-213916 upphaflega að fjárhæð 54.131 kr., útgefið þann 10.12.1991, með grunnvísitölu L-3196.
- Nr. T-216957 upphaflega að fjárhæð 360.837 kr., útgefið þann 10.01.1992, með grunnvísitölu L-3198.
- Nr. T-229035 upphaflega að fjárhæð 193.077 kr., útgefið þann 28.04.1992, með grunnvísitölu L-3210.

Samkvæmt lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna er lánið verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu en ber enga vexti. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Endurgreiðsla hefst þremur árum eftir námslok lánþega, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð af hálfu stefnanda. Í því tilviki sem hér um ræðir voru námslok, þ.e. lokun skuldabréfsins, miðuð við þann 15. febrúar 1995. Í janúar á því ári sem endurgreiðslur lánsins skyldu hefjast voru framangreind skuldabréf, sem stefndihafði gefið út vegna lánsins, uppreiknuð miðað við grunnvísitölu þess mánaðar og sameiginleg fjárhæð þeirra færð inn í innheimtukerfi stefnanda. Vísitalan þegar skuldabréfin voru sameinuð og skráð í innheimtukerfi stefnanda var 3385 þ.e. lánskjaravísitala janúar mánaðar árið 1995. Þannig uppreiknuð var staða lánsins í heild 3.814.521 krónur. Af þessu tilefni fengu skuldabréfin sameiginlegt lánsnúmer í innheimtukerfi stefnanda, S-957559.

Um endurgreiðslu lánsins fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna en annars vegar er um að ræða fasta ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs og hins vegar tekjutengda ársgreiðsua með gjalddaga 1. september ár hvert, sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. mars 1995 og var greitt af afborgunum til og með gjalddaga 1. september 2020, en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2021. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 30. maí 2022 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 580.023 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 4.295.437 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag sem var 10441.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags.	1. mars 2021	kr. 85.876
	dags.	1. september 2021	kr. 404.111
	dags.	1. mars 2022	kr. 90.036
Samtals			kr. 580.023
Gjaldfallnar eftirst.			kr. 4.294.437
Samtals eftirst.			kr. 4.875.460

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefndi er skráður með lögheimili í Bandaríkjunum í Þjóðskrá Íslands. Samkvæmt skráðum upplýsingum í kerfi stefnanda er heimilisfang stefnda skráð, 487 Almar Avenue Pacific Palisades, CA 90272 Los Angeles, Bandaríkin. Stefna sem fyrirhugað var að þingfesta á hendur stefnda þann 12. október 2023 var þýdd löggilt og send í birtingu til Bandaríkjanna á framangreint heimilisfang stefnda. Ekki náðist að birta fyrir stefnda á því heimilisfangi þar sem hann býr ekki lengur þar samkvæmt birtingavottorði ABC Legal þann 11. júlí 2023. Óskað var eftir leit að öðru heimilisfangi hjá stefnda í Bandaríkjunum hjá erlendum innheimtuaðila. Nýjar upplýsingar lágu fyrir um heimilisfang stefnda sem er 197 Holokahiki LN Unit 103, Kihei, HI 96753-5734 Bandaríkin og gerð var tilraun til að birta stefnu fyrir stefnda sem fyrirhugað var að þingfesta þann 15. febrúar 2024 á því heimilisfangi en án árangurs þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar, 89. gr. laga nr. 91/1991. Eins og að framan greinir er stefndi með lögheimili í Bandaríkjunum en engar frekari upplýsingar liggja fyrir um heimilisfang stefnda í Bandaríkjunum. Samkvæmt embættiserindi frá Sendiráði Íslands í Washington í Bandaríkjunum til Utanríkisráðuneytisins þann 16. febrúar 2023 var sendiráðinu falið að hlutast til um stefnubirtingu í samræmi við þær reglur sem gilda í Bandaríkjunum um birtingu á einstaklinga sem eru með óþekkt heimilisfang. Samkvæmt erindinu átti Sendiráðið fund með fulltrúum bandaríska dómsmálaráðuneytisins sem upplýsti að löggjöf Bandaríkjanna geri ekki ráð fyrir birtingu þegar heimilisfang einstaklinga er óþekkt. Engin miðlæg skrá er til í Bandaríkjunum yfir heimilisföng og ekkert alríkislögbirtingablað og því er birting talin ógerleg þegar heimilisfang einstaklinga er óþekkt eins og áður segir. Þar sem stefnandi hefur engar frekari upplýsingar um heimilisfang stefnda í Bandaríkjunum eins og áður segir hefur stefnandi því enga aðra kosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda í Bandaríkjunum, auk kostnaðar af stefnubirtingu, að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfa.
4. Yfirlit yfir útgefin skuldabréf.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Yfirlit stefnanda yfir stöðu láns dags. 30. maí 2022.
7. Yfirlit stefnandi yfir skuldabréf dags. 30. maí 2022.
8. Greiðsluáætlun láns dags. 30. maí 2022.
9. Innheimtuviðvörðun dags. 30. september 2021.
10. Innheimtubréf dags. 12. nóvember 2021.
11. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins dags. 30. maí 2022.
12. Reikningar vegna þýðingar stefnu.
13. Kvittun fyrir greiðslum til ABC Legal.
14. Upplýsingar frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu dags. 10. ágúst 2023.
15. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu frá ABC Legal þann 11. júlí 2023.
16. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 12. október 2023.
17. Upplýsingar um heimilisfang stefnda í kerfi stefnanda.
18. Upplýsingar um nýtt heimilisfang hjá stefnda í Bandaríkjunum frá erlendum innheimtuaðila.
19. Upplýsingar frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu dags. 12. apríl 2024.
20. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu frá ABC Legal þann 27. mars 2024.
21. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 15. febrúar 2024.
22. Afrit af embættiserindi frá Sendiráði Íslands í Washington D.C.
23. Reikningur vegna frum- og milliinnheimtukostnaðar.
24. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 20. júní 2024 kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 30. apríl 2024.
f.h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024009688

Útgáfud.: 16. maí 2024

Stefna – til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Jóhanna María Aðalbertsdóttir, kt. 110185-5029, Þórustíg 30, Reykjanesbæ.

Stefndi: Michal Lukasz Sikorski, kt. 090180-3479, með óþekkt heimili í Reykjanesbæ.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 1.927.055, ásamt dráttavöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 29. mars 2024 til greiðsludags. Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar sér að skaðlausu úr hendi stefnda.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Andri Björgvin Arnþórsson lögmaður, Ármúla 15, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og helstu málsatvik: Stefnandi og stefndi kynntust í lok október 2023. Fljótlega eftir fyrstu kynni óskaði stefndi eftir aðstoð frá stefnanda við innflutning á bifreið frá Póllandi.

Stefnandi aðstoðaði stefnda og lagði út kostnað fyrir hann. Stefnandi hefur ítrekað óskað eftir því við stefnda að hann endurgreiði fjármunina en án árangurs.

Þann 29. febrúar var stefnda sent innheimtubréf, sbr. dskj. nr. 3, og lögheimtubréf þann 11. mars s.l., sbr. dskj. nr. 4. Þar sem hefðbundin innheimta hefur ekki borið árangur finnur stefnandi sig knúinn til þess að leita með kröfuna til dómstóla.

Byggt er á því að stefnandi hafi lánað stefnda fjármuni sem ber að endurgreiða. Lánað var með greiðslum af reikningi stefnanda til þriðja aðila fyrir hönd stefnda og með millifærslu af reikningi stefnanda til stefnda. Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga.

Sundurliðun kröfunnar:

Greiðsla, dags. 15.11.2023, sbr. dskj. nr. 5	kr. 56.000
Greiðsla, dags. 28.11.2023, sbr. dskj. nr. 6	kr. 684.555
Millifærsla, dags. 18.12.2023, sbr. dskj. nr. 7	kr. 1.000.000
Greiðsla, dags. 1.2.2024, sbr. dskj. nr. 8	kr. 186.000
Samtals	kr. 1.927.055

Samanlögð fjárhæð er stefnufjárhæð málsins.

Greiðslurnar eru allar peningafærslur og því samkynja, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991.

Um lán af þessum toga gildir, að þegar ekki er samið um gjalddaga telst hann vera þegar lánveitandi krefst endurgreiðslunnar.

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu dráttarvaxta af kröfunni einum mánuði frá því að stefndi var krafinn um greiðslu með innheimtuviðvörðun þann 29.02.2024, sbr. dskj. nr. 4, með vísan í 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Krafa um málskostnað er reist á ákvæðum 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með vísan til þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir virðisaukaskatti þessum úr hendi stefnda.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi var síðast með lögheimili á Grænásbraut 607A, Reykjanessbæ en var afskráður þar í lok apríl s.l. Heimilisfang hans er nú óstaðsettur í hús á Reykjanesi. Ekki er vitað um dvalarstað hans og er því nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Varnarþing er héraðsdómur Reykjaness, sbr. 1. og 2. gr. 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfuna á meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga. Vísað er til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar yfirlit yfir greiðslur ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá, sbr. dskj. 2.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda, Michal Lukasz Sikorski, kt. 090180-3479, óstaðsettur í hús í Reykjanessbæ, að greiða stefnukröfuna eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþing sem haldið verður í dómsal, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 19. júní 2024, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanni hans við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 8. maí 2024.

F.h. Stefnda

Andri Björgvin Arnþórsson lögmaður.

(2024009690

Útgáfud.: 17. maí 2024

Stefna - forsjármál

Auður Vilhjálmsdóttir,

kt. 021084-2989,

Suðurgötu 106, Hafnarfirði,

gjörir kunnugt; að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Birgi Ólafi Guðlaugssyni, kt. 160287-2179, nú með ótilgreint heimilisfang í Hafnarfirði, til að þola dóm í samræmi við eftirfarandi dómkröfur hennar.

Dómkröfur: Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

- Að ákveðið verði með dómi að stefnanda verði einni falin forsjá barna hennar og stefnda til 18 ára aldurs barnanna, Nádíu Óskar Birgisdóttur, kt. 280811-2700 og Alexanders Mána Birgissonar, kt. 090318-2920, sem eru bæði með lögheimili hjá móður að Suðurgötu 106, Hafnarfirði.
- Að kveðið verði á um fyrirkomulag umgengni stefnda við börnin.
- Að ákveðið verði með dómi að stefndi greiði stefnanda einfalt meðlag með börnunum til 18 ára aldurs þeirra.

4. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda vegna þóknunar lögmanns samkvæmt sundurliðaðri tímaskýrslu að viðbættum 24% virðisaukaskatti og vegna útlagðs kostnaðar varðandi mál þetta, eins og eigi væri um gjafsóknarmál að ræða.

Málflutningsumboð: Þuríður Kristín Halldórsdóttir lögmaður, Lögfræðipjónustunni ehf., Hallgerðargötu 13, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda, sbr. dskj. 5. umboð.

Málsatvik: Stefnandi og stefndi voru í sambúð í 9 ár, en sambúðinni lauk árið 2020.

Þau eignuðust saman börnin, Nádú Ósk, f. 28. ágúst 2011 og Alexander Mána, f. 9. mars 2018 og hefur forsjá barnanna alltaf verið sameiginleg.

Stefndi er nú skráður búsettur á ótilgreindu heimilisfangi í Hafnarfirði og er ekki með síma þannig að stefnandi hefur ekki getað haft samband við hann um langan tíma og er ljóst að forsendur eru brostnar fyrir sameiginlegri forsjá þar sem stefndi sinnir börnunum og þörfum þeirra á engan hátt og hefur engin samskipti við stefnanda né börnin.

Aðstæður stefnda hafa jafnframt verið þannig undanfarið að ekki hefur verið talið öruggt að börnin væru hjá honum en auk þess hefur hann iðulega ekki staðið við fyrirhugaða umgengni og hefur það valdið börnunum miklum vonbrigðum.

Slíkt fyrirkomulag umgengni er ekki ásættanlegt fyrir börnin og er því stefnanda nauðsynlegt að krefjast að stefndi hafi ekki umgengni við börnin meðan aðstæður hans eru óbreyttar.

Stefnandi verður að hafa hagsmuni barnanna í forgangi og hvað telja verði þeim fyrir bestu og er henni því nauðsynlegt að höfða mál þetta og krefjast að henni verði með dómi einni falin forsjá barnanna til 18 ára aldurs þeirra og að kveðið verði á um umgengni stefnda við börnin í ljósi aðstæðna stefnda og líðan og vilja barnanna og hvað telja verði þjóna best hagsmunum barnanna.

Lagarök og lagatilvísanir: Krafa stefnanda um að ákveðið verði með dómi að stefnandi hafi einn forsjá barnanna til 18 ára aldurs barnanna er reist á 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 og byggir á því að telja verður börnunum fyrir bestu að forsjá þeirra og lögheimili verði aðeins hjá stefnanda og að það þjóni best hagsmunum þeirra. Ljóst er að sameiginleg forsjá er ekki möguleg vegna samskiptaleysis foreldra, aðstæðna stefnda og búsetu á ótilgreindum stað.

Krafa stefnanda um meðlag er reist á 5. mgr. 34 gr. barnalaga nr. 76/2003.

Krafa um að dómari kveði á um fyrirkomulag umgengni byggir á 5. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. einkum 130. gr. sbr. og 126. gr. verði stefnanda veitt gjafsóknarleyfi.

Krafa um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málflutningsþóknunar byggir á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur og er henni því nauðsynlegt að fá kostnað vegna skattsins tildæman úr hendi stefnda.

Birting stefnu í Lögbirtingablaðinu byggir á a lið 1. mgr. 89. gr. Laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og reyndist nauðsynleg því lögheimili og dvalarstaður stefnda er ókunnur og var ekki unnt að afla upplýsinga um hvar birta mætti stefnu þessa fyrir stefnda eftir almennum reglum.

Mál þetta er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með vísan til 37. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Sérstakur áskilnaður: Stefnandi telur nauðsynlegt, verði gripið til varna í málinu, að dómari á grundvelli 42. gr. barnalaga nr. 76/2003, hlutist til um að sérfróður aðili ræði við börn aðila til að kanna afstöðu þeirra og vilja til málsins í heild.

Verði ágreiningur enn uppi um hagsmuni barnanna að loknu slíku viðtali, áskilur stefnandi sér rétt til að krefjast þess að dómari á grundvelli 42. gr. barnalaga nr. 76/2003 hlutist til um að sérfróður aðili kanni aðstæður málsaðila og hæfni þeirra til að hafa forsjá og lögheimili barnanna og að dómari kveði á um að kostnaður af þeirri gagnaöflun greiðist úr ríkissjóði, sbr. 4. mgr. 42. gr. barnalaga. Stefnandi áskilur sér að öðrum kosti rétt til að óska eftir sérfræðilegri álitsgerð í því skyni, sbr. 3. mgr. 42. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til þess að reifa málið frekar, koma að málsástæðum og rökum, afla sönnunargagna og taka skýrslur gefist tilefni til þess, þ.e. ef tekið verður til varna og ef héraðsdómi þykir skorta á reifun málsatvika.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram stefnu þessa ásamt neðangreindum gögnum:

2. Skrá.
3. Lögbirtingablað sem stefna þessi birtist í.
4. Útþrentun úr Þjóðskrá.
5. Umboð.
6. Boðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.
7. Vottorð um árangurslausa sáttameðferð.
8. Bréf frá lögreglu.

Áskorun og fyrirfall: Fyrir því stefnist hér Birgi Ólafi Guðlaugssyni, kt. 160287-2179, nú með ótilgreint heimilisfang í Hafnarfirði, til að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður miðvikuudaginn 26. júní 2024, kl. 9.00, í Héraðsdómi Reykjaness, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar að hlýða og dóm að þola í framangreinda átt. Mæti stefndi ekki má hann búast við að útivistardómur geti gengið í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Reykjavík, 17. maí 2024.

Fyrir hönd stefnanda,

Þuríður Kristín Halldórsdóttir lögmaður.

(2024010078

Útgáfud.: 17. maí 2024

Stefna - til ógildingar á tryggingabréfum

Dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands,

Sigurður Gísli Gíslason,

gerir kunnugt: Mér hafa tjáð, Ingibjörg Sigmundsdóttir, kt. 030956-3119 og Hreinn Kristófersson, kt. 191152-8249, að þau þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á tveimur tryggingabréfum útgefnum þann 5. apríl 2017.

Annarsvegar tryggingabréf að fjárhæð kr. 120.000.000 til tryggingar skuldar Þins ehf., kt. 460706-0680, við stefnendur. Hinsvegar tryggingabréf að fjárhæð kr. 60.000.000 til tryggingar skuldar Fögrumarkar ehf., kt. 460217-2020, við stefnendur.

Dómkröfur: Stefnendur kveðast gera eftirfarandi dómkröfur:

a) Að ógilt verði með dómi tryggingabréf útgefið í Reykjavík 5. apríl 2017 til tryggingar skuldar Þins ehf., kt. 460706-0680, við Ingibjörgu Sigmundsdóttur, kt. 030956-3119 og Hrein Kristófersson, kt. 191152-8249, að fjárhæð kr. 120.000.000 upphaflega tryggt með 1. veðrétti en nú með 3. veðrétti í;

1. Fasteign að Heiðmörk 31a, Hveragerði, fastanúmer 221-0416.
2. Fasteign að Heiðmörk 38, Hveragerði, fastanúmer 221-0436.
3. Fasteign að Heiðmörk 38, Hveragerði, fastanúmer 221-0431.
4. Fasteign að Heiðmörk 38a, Hveragerði, fastanúmer 221-0438.

b) Að ógilt verði með dómi tryggingabréf útgefið í Reykjavík 5. apríl 2017 til tryggingar skuldar Fögrumarkar ehf., kt. 460217-2020, við Ingibjörgu Sigmundsdóttur, kt. 030956-3119 og Hrein Kristófersson, kt. 191152-8249, að fjárhæð kr. 60.000.000 upphaflega tryggt með 2. veðrétti, nú með 4. veðrétti í;

1. Fasteign að Heiðmörk 31a, Hveragerði, fastanúmer 221-0416.
2. Fasteign að Heiðmörk 38, Hveragerði, fastanúmer 221-0436.
3. Fasteign að Heiðmörk 38, Hveragerði, fastanúmer 221-0431.
4. Fasteign að Heiðmörk 38a, Hveragerði, fastanúmer 221-0438.

Málsástæður og önnur atvik máls: Stefnendur kveða málsatvik vera þau helst að hinn 5. apríl 2017 hafi verið gefin út tvö tryggingabréf, annað að fjárhæð kr. 120.000.000 og hitt að fjárhæð kr. 60.000.000 bæði tryggt með veðrétti í;

1. Fasteign að Heiðmörk 31a, Hveragerði, fastanúmer 221-0416.
2. Fasteign að Heiðmörk 38, Hveragerði, fastanúmer 221-0436.
3. Fasteign að Heiðmörk 38, Hveragerði, fastanúmer 221-0431.
4. Fasteign að Heiðmörk 38a, Hveragerði, fastanúmer 221-0438.

Bréfin hafi verið gefin út vegna sölu Ingibjargar Sigmundsdóttur og Hreins Kristóferssonar á einkahlutafélaginu Pini ehf., sem þau voru fyrirsvarsmenn fyrir við útgáfu bréfanna. Kaupendur hafi endurfjármagnað hjá Arion banka í febrúar 2023 og hafi þá greitt upp skuld sína við Ingibjörgu Sigmundsdóttur og Hrein Kristófersson.

Stefnendur kveða að ekki sé ágreiningur á milli aðila um að skuldirnar hafi verið greiddar að fullu þann 16. febrúar 2023, sjá meðfylgjandi greiðslukvittun.

Frumrit tryggingabréfanna hafi glatast og sé stefnendum því nauðsynlegt að krefjast þess að bréfin verði ógild með dómi til að hægt verði að aflýsa þeim af ofangreindum eignum.

Lagarök: Stefnendur kveðast vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi varnarþing í þessu máli og heimild til útgáfu ógildingarstefnunnar, svo og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga um birtingu.

Sönnunargögn: Stefnendur kveðast munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn við þingfestingu málsins:

1. Stefnu þessa.
2. Afrit tryggingabréfs, útg. 5. apríl 2017.
3. Afrit tryggingabréfs, útg. 5. apríl 2017.
4. Fullnaðarkvittun, dags. 16. febrúar 2023.
5. Yfirlýsing stefnenda um að endanlegt uppgjör á kröfum.
6. Veðbókarvottorð fasteignanna að Heiðmörk 31a, F221-0416, Heiðmörk 38, F221-0436, Heiðmörk 38, F221-0431, Heiðmörk 38a, F221-0438.
7. Afrit auglýsingar úr Lögbirtingablaði.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreind tryggingabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í sal dómstólsins að Austurvegi 4 á Selfossi þann 19. júní 2024 kl. 14.00 til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 14. maí 2024.

Sigurður Gíslason.

(2024010079

Útgáfud.: 17. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, Kópavogi.

Stefndi: Bryndís Mjöll Sævarsdóttir, kt. 061277-4639, Ótilgreint, Mosfellsbæ.

Málflutningsumboð: Undirritaður Ágúst Stefánsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.035.341, ásamt 15.25% vöxtum af þeirri fjárhæð frá 31. mars 2023 til 4. maí 2023, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 1.035.341 frá 4. maí 2023 til greiðsludags.

Kröfunúmer 05000-230499.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er vegna yfirdráttarskuldar á veltureikningi stefnda nr. 051126028501. Þann 31. mars 2023 námu innistæðulausar færslur á reikningum kr. 1.043.691. Var reikningnum þá lokað. Áður hafði stefnda verið send tilkynning um löginneimtu vegna skuldarinnar. Þegar búið er að draga frá færslur á reikningi stefndu vegna innheimtukostnaðar er skuldin kr. 1.035.341 sem er stefnufjárhæðin.

Þann 4. apríl 2023 var stefnda sent innheimtubréf. Yfirdráttarvextir á reikningnum voru 15.25% og því er krafist þeirra vaxta af skuldinni frá 31. mars 2023 er reikningnum var lokað til 4. maí 2023 er einn mánuður var liðinn frá því að stefnda var sent innheimtubréf. Dráttarvaxta er krafist frá þeim degi í samræmi við 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Síðasta þekkt heimilisfang stefndu var Arnartangi 23, Mosfellsbæ og er nú óstaðsett í hús og því ekki aðrar leiðir til þess að birta stefnu nema í Lögbirtingablaði.

Stefnandi telur því uppfyllt séu skilyrði a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að birta stefnu í málinu í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 2. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 og varðandi stefnubirtingu er vísað til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga. Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnir fjárskuldbindinga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Yfirlit stöðu reiknings.
4. Yfirlit vaxta reiknings.
5. Innheimtubréf.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 20. júní 2024, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Kópavogi, 26. apríl 2024.

F.h. stefnanda,

Ágúst Stefánsson lögmaður.

(2024010080

Útgáfud.: 17. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21,

Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Páll Heimisson, kt. 260282-2989, heimilisfang óþekkt, Rúmenía.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.560.622 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 140.133 frá 1. mars 2020

til 1. september 2020, af kr. 540.625 frá 1. september 2020 til 1. mars 2021, af kr. 685.648 frá 1. mars 2021 til 10. september 2021, af kr. 2.560.622 frá 10. september 2021 til greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum dags. 12. maí 2020 kr. 23.609 dags. 12. maí 2020 kr. 23.813 dags. 27. júlí 2020 kr. 23.674 dags. 27. júlí 2020 kr. 23.859 dags. 13. nóvember 2020 kr. 67.917 dags. 31. mars 2021 kr. 24.171, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Kröfunúmer: 1016-207229.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2006-2007 og á árinu 2009. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefnda af því tilefni út skuldabréf nr. G-065470 þann 1. janúar 2006 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 23. maí 2007. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 2.136.249 krónum miðað við grunnvísitölu 268,7.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. mars 2020 en endurgreiðslur lánsins frestuðust fram að þeim tíma þar sem lántakanda bar fyrst að greiða af eldra láni sbr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innheimturð námslána. Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá sama degi. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 10. ágúst 2021 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 685.648 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 1.874.974 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 502,7 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1. mars 2020	kr. 140.133
	dags. 1. september 2020	kr. 400.492
	dags. 1. mars 2021	kr. 145.023
Samtals		kr. 685.648
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 1.874.974
Samtals eftirst		kr. 2.560.622

Inn á skuldina hafa verið greiddar innborganir samtals að fjárhæð 187.043 krónur og hefur verið tekið tillit til innborgana í dómkröfu. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b. liðar 1.mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Reynt var að birta stefnu fyrir stefnda í Rúmeníu sem þingfesta átti þann 7. apríl 2022. Sú birting reyndist árangurslaus þar sem stefndi bjó ekki á uppgefnu heimilisfangi. Leitað var til erlends innheimtuaðila við leit að nýju heimilisfangi en þá kom í ljós að stefndi var á öðru íbúðarnúmeri. Stefna var aftur send í birtingu til Rúmeníu sem þingfesta átti þann 12. júní 2023 á því íbúðarnúmeri sem stefnandi hafði fengið upplýsingar um en birtingin reyndist árangurslaus þar sem stefndi býr ekki á því heimilisfangi. Stefnandi hefur engar aðrar upplýsingar um heimilisfang stefnda í Rúmeníu og leitast var eftir eftir aðstoð sýslumannsins á Suðurnesjum um milligöngu um stefnubirtingu í Rúmeníu þar sem heimilisfang stefnda er óþekkt. Beiðnin kom til baka þann 16.

nóvember 2023 frá sýslumanninum á Suðurnesjum þar frumskilyrði Haag samningsins frá 1965 sbr. 1.gr. samningsins um stefnubirtingar erlendis gildir ekki nema að heimilisfang sé þekkt. Óskað var eftir aðstoð Utanríkisráðuneytisins þann 18. janúar 2024 um birtingu á stefnunni á hendur stefnda í Rúmeníu, en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu í tölvupósti þann 6. maí 2024 hefur svar yfirvalda í Rúmeníu ekki borist og er því litið svo á að yfirvöld hafi látið hjá líða að birta stefnuna. Stefnandi hefur því ekki önnur úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er óskað að við ákvörðun málskostnaðar, að tekið verði tillit til þeirrar vinnu sem birtingarnar til Rúmeníu og þýðingin á stefnu hefur haft í för með sér. Gögn vegna þessa kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefinna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn að fá virðisaukaskattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-065470.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins. Upplýsingar um námslok.
5. Yfirlit yfir greiðsluáætlun. Yfirlit yfir eftirstöðvar láns/yfirlit yfir skuldabréf.
6. Innheimtuviðvörðun. Innheimtubréf. Tilkynning um gjaldfellingu.
7. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Rúmeníu frá sýslumanninum á Suðurnesjum þann 14. júní 2022.
8. Upplýsingar frá erlendum innheimtuaðila um heimilisfang stefnda í Rúmeníu.
9. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Rúmeníu frá sýslumanninum á Suðurnesjum þann 7. febrúar 2023.
10. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Rúmeníu frá sýslumanninum á Suðurnesjum þann 31. ágúst 2023.
11. Reikningur vegna þýðingar á stefnu.
12. Staðfesting frá Utanríkisráðuneytinu um árangurslausa stefnubirtingu í Rúmeníu þann 6. maí 2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 20. júní 2024, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 8. maí 2024.

f.h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns.

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024010081

Útgáfud.: 16. maí 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 14. maí síðastliðinn í máli nr. L-154/2024, var Guðlaug Böðvarsdóttir, kt. 220259-4209, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Suðurlands, 14. maí 2024.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri.

(2024009691

Útgáfud.: 17. maí 2024

Umsókn um virkjunarleyfi - Hvammsvirkjun

Auglýsing vegna umsóknar Landsvirkjunar um virkjunarleyfi fyrir allt að 95 MW Hvammsvirkjun, vatnsaflsvirkjun í Þjórsá, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Katrínartúni 2, Reykjavík, hefur óskað eftir virkjunarleyfi til að reisa og reka allt að 95 MW Hvammsvirkjun í Þjórsá, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, og með vísan til 4. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum.

Ætlunin er að Hvammsvirkjun muni nýta 32 m fall Þjórsár frá svokölluðu Yrjaskeri rétt ofan við bæinn Haga og niður fyrir Ölmóðsey austan við Þjórsárholt. Virkjunin mun nýta miðlað rennsli Þjórsár frá lónum ofar á vatnasviðinu. Hvammsvirkjun verður í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og verða flest mannvirki í því fyrrnefnda. Gert er ráð fyrir að afl virkjunar verði 95 MW og að árleg orkugeta virkjunar verði um 720 GWh.

Hvammsvirkjun var færð í orkunýtingarflokk rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða með þingsályktun Alþingis (nr. 16/144) þann 1. júlí 2015.

Þann 19. ágúst 2003 féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða virkjun Þjórsár við Núp og þann 27. apríl 2004 staðfesti umhverfisráðherra úrskurðinn með breytingum. Í ljósi þess að framkvæmdir hófust ekki innan tíu ára frá því að niðurstaða Skipulagsstofnunar lá fyrir ákvað stofnunin að endurskoða þyrfti mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar að hluta. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum allt að 95 MW Hvammsvirkjunar, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, var birt þann 12. mars 2018.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við aðalskipulag Rangárþings eystra 2016-2028 og Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, og deiliskipulag Hvammsvirkjunar sbr. auglýsingu nr. 1434/2021 í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við 4. mgr. 34. gr. raforkulaga er þeim er málið varðar gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar þessarar.

Frekari upplýsingar um framkvæmdina og umsókn ásamt fylgigögnum má nálgast á heimasíðu Orkustofnunar, www.orkustofnun.is.

Skriflegum athugasemdum má koma á framfæri við Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, netfang os@os.is.

Reykjavík, 15. maí 2024.

Orkustofnun.

(2024010043

Útgáfud.: 15. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **NHM ehf.***Kt.:* 430524-1430.*Heimili og varnarþing:* **Breiðbraut 672, 262 Reykjanesbær.***Dagsetning samþykktar er:* 26. apríl 2024.*Stofnendur:* Dusko Orelj, kt. 110772-2899, Breiðbraut 672, 262 Reykjanesbær.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 26. apríl 2024.*Stjórnarmaður:* Dusko Orelj. Varastjórn: Biljana Orelj, kt. 290576-3269, Breiðbraut 672, 262 Reykjanesbær.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Dusko Orelj.*Prókúruumboð:* Dusko Orelj.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Freyr Björnsson, kt. 301181-3459, Kleppsvegi 24, 105 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er viðhald og viðgerðir mannvirkja og tengdur rekstur, inn- og útflutnignur, eignarhald á verðbréfum, ásamt tilheyrandi eignum og lánastarfssemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024009671)

Útgáfud.: 15. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **TAXI Suðurland ehf.***Kt.:* 430524-1270.*Heimili og varnarþing:* **Klettagljúfri 15, 816 Ölfus.***Dagsetning samþykktar er:* 30. apríl 2024.*Stofnendur:* Árni Hörður Ragnarsson, kt. 190763-4479, Klettagljúfri 15, 816 Ölfus.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 30. apríl 2024.*Stjórnarmaður:* Árni Hörður Ragnarsson. Varastjórn: Kristjana Helga Kristbjargard., kt. 281181-4839, Klettagljúfri 15, 816 Ölfus.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Árni Hörður Ragnarsson.*Prókúruumboð:* Árni Hörður Ragnarsson, Kristjana Helga Kristbjargard.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Skúli Sigurðsson, kt. 230369-4029, Skipalóni 23, 220 Hafnarfjörður.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur leigibíreiða, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024009672)

Útgáfud.: 15. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Jálkur ehf.***Kt.:* 700424-0490.*Heimili og varnarþing:* **Arnórsstöðum, 451 Patreksfjörður.***Dagsetning samþykktar er:* 22. apríl 2024.*Stofnendur:* Ísak Jansson, kt. 240888-3009, Arnórsstöðum, 451 Patreksfjörður.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 22. apríl 2024.*Stjórnarmaður:* Ísak Jansson. Varastjórn: Sara Guðrún Þorkelsdóttir, kt. 240488-3029, Arnórsstöðum, 451 Patreksfjörður.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Ísak Jansson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Bjarki Bjarnason, kt. 110259-4339, Sindragötu 4A, 400 Ísafjörður.*Hlutfé kr.:* 5.260.000 ISK*Tilgangur:* Fólksflutningar og ýmis verktakaþjónusta.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024009673)

Lögbirtingablað,

35. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.